

Áskorun

Fram er komið álit stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 29. apríl 2019, <https://www.althingi.is/altext/149/s/1394.html>, vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1. apríl 2019, <https://rikisendurskodun.is/> um sameinuð sýslumannsembætti. Fjármálaáætlun 2020-2024 var lögð fram á Alþingi í mars sl. og bíður 2. umræðu að lokinni umfjöllun fjárlaganefndar.

Þrátt fyrir áform löggjafans um eflingu hefur nú verið staðfest að ný sameinuð sýslumannsembætti hafa verið vanfjármögnuð frá endurskipulagningu þeirra árið 2015. Vegna viðvarandi hallarekstrar hafa embættin talið sig knúin til aðgerða á kostnað veittrar þjónustu, þ. á m. beinna uppsagna, flatra uppsagna til lækkunar allra stöðugilda, styttingu afgreiðslutíma, frestunar nýráðninga við starfslok o.s.frv.

Athygli er vakin á því að fram eru komnar **nýjar og alvarlegar upplýsingar** sem óhjákvæmilegt er að Alþingi og fjárveitinganefnd fjalli sérstaklega um, en athugasemdir Ríkisendurskoðunar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis gefa sérstakt tilefni til þess nú. Áframhaldandi töf og ríkjandi óvissa um viðbrögð vegna nauðsynlegrar endurskoðunar fjárveitinga telst ekki lengur forsvaranleg.

Það athugast að þrátt fyrir framangreint hafa litlar sem engar breytingar orðið á verkefnum sýslumannsembættanna frá sameiningu. Áform um rafrænar þinglýsingar og aðra mögulega þróun í átt til ríkari rafrænnar stjórnsýslu draga að svo stöddu ekki úr fjárþörf þeirra, enda nægir núverandi framlag ekki til reglulegra verkefna og rekstrarútgjalda. Innviðir embættanna og þjónusta eru hins vegar í hættu vegna þess sem nú á fimmta rekstarári má kalla vísi að langvarandi fjársveldi.

Sýslumenn skora á fjárveitingarvaldið að snúa vörn í sókn og nýta tækifærin til eflingar embættanna sem miðstöðvar stjórnsýslu ríkis í héraði, eins og að var stefnt með setningu laga nr. 50/2014.

7. maí 2019

Bjarni Stefánsson, sýslumaður á Norðurlandi vestra
Jónas Guðmundsson, sýslumaður á Vestfjörðum
Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður á Vesturlandi
Þórólfur Halldórsson, sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu
Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Suðurnesjum
Kristín Þórðardóttir, sýslumaður á Suðurlandi
Lárus Bjarnason, sýslumaður á Austurlandi
Svavar Pálsson, sýslumaður á Norðurlandi eystra